

Lýsti forseti þá yfir að þingi væri frestað til kl. 9.15 f. háð. næsta morguns, óskaði eftir að sem flestir gæti þá verið komnir, og að fundi væri nú slitið.

II. FUNDUR.

Fundur settur 19. Apríl, kl. 10 f. háð. Séra A. E. Kristjánsson las kafla úr 103 Davíðs sálminum. Sunginn var sálmurinn 30 í sálmaabókinni. Sagði forseti því næst fund settan. Var þá lesin fundargjörð frá síðasta fundi og samþykkt. Var þá kallað eftir þeim skýrslum er frestað hafði verið til þessa fundar.

B. B. Olson gaf þá munnlega skýrslu yfir útbreiðslustarfið, og tók þar með ýmsar bendingar um framhaldandi starf. Kvaðst hafa verið erlendis stóran hluta ársins, væri sér því ekki eins kunnugt um starfið. Talaði um að æskilegt væri að frekari prestsþjónusta fengist fyrir söfnuði þá, er að eins hefði orðið að-njótandi prestsþjónustu um stutta tíma ársins. Væri það í samræmi við áður gjörðar samþyktir stjórnarnefndarinnar. Því tilraun hefði verið gjörð til að fá prest frá Íslandi, og væri enn ekki óvíst nema það mætti takast. Mælti hann með að framvegis, sendi söfnuðir kyrkjufélagsins, allar ársskýrslur sínar skrifara kyrkjufélagsins, og væri þar sérstaklega tekið fram manntal safnaða, guðsþjónustur, hjónavígslur, skírnir, fermingar, dauðsföll. Enn fremur mælti hann með að betur þyrfti að útbreiða blaðið Heimir. Taka þyrfti fyrir líka, frekar en gjört hefði verið, útgáfu nauðsynlegra rita, svo sem sálmaabókar o. fl.

Um atriði safnaðaskýrslanna, töluðu forseti og séra A. E. Kristjánsson, og létu þá skoðun í ljósi að æskilegt væri að söfnuðirnir vildi taka það mál til fhugunar. Þó lét séra A. E. Kristjánsson þá skoðun í ljós, að ekki væri viðeigandi að þingin tæki slíkar skýrslur til meðferðar, heldur gæti þær verið stjórnarnefndinni til fróðleiks, til að sjá hversu hagur félagsins stæði út á við.

Skrifari stakk upp á að þessi munnlega skýrsla útbreiðslustjóra sé viðtekin, en þau tvö mál er snerta safnaðarskýrslur og útgáfumál félagsins, sé vísað undir næsta lið á dagskrá. Uppástunguna studdi B. B. Olson og var hún samþykkt.